

Djúpivogur 7. maí 2020.

Kæra sveitastjórn

Hér á landi sem og í Djúpavogshreppi er mælt til þess að við íbúarnir flokkum allt heimilissorp sem ég er nokkuð viss um að flest okkar að gera eftir bestu getu. En hvernig getum við gert það þegar ruslið sem við flokkum í grænu tunnuna flæðir upp úr henni á tveimur til þremur vikum. Þá tekur við að fara með ruslið inn í bræðslu og setja það á viðeigandi stað og/ eða með tilheyrandi óþægindum eða að við minnkum að flokka og setjum meira í gráu tunnuna.

Undan farna mánuði hefur Íslenska gámafélagið komið hér og hirt ruslið úr grænu tunnunni á fjöggra til fimm vikna fresti. Þar sem sex manns búa flæðir upp úr grænu tunnunni eftir tvær vikur með framangreindum afleiðingum og óþægindum.

Þar sem að það er ekki lengur ábyrgð okkar íbúa hér að fara með ruslið og vegna þess að við erum að greiða fyrir þessa þjónustu, þá spyr ég: Væri ekki allt í lagi að hirða sorpið úr grænu tunnunni á tveggja til þriggja vikna fresti

Kveðja,

Guðbjörg A. Guðmundsdóttir, Hjallabergi.